

9. maí 2019



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

Ársskýrsla 2018

Ársskýrsla 2018

Útg. 9. maí 2019

Umsjón: Dagný Kristinsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu

Uppsetning og frágangur: Guðrún Björk Friðriksdóttir, verkefnastjóri

Háskólinn á Bifröst

---

# Efnisyfirlit

Starfsemi Háskólans á Bifröst árið 2018.....	1
Aðalfundur.....	3
100 ára afmælisár Háskólans á Bifröst.....	3
Bifrastarþing.....	3
Árshátíð Nemendafélags Háskólans á Bifröst.....	3
Endurfundur Bifrestinga.....	3
Söngbræður í Grábrókargíg.....	4
Sveitaball Bifrestinga.....	4
Afmælishátíð Háskólans á Bifröst.....	4
Fulltrúaráð.....	5
Stjórn skólans.....	6
Stjórn Háskólans á Bifröst.....	6
Háskólaráð.....	7
Kennslu- og rannsóknaráð.....	8
Gæðastarf Háskólans á Bifröst.....	8
Gæðaráð íslenskra háskóla - innra og ytra mat.....	9
Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs.....	9
Jafnréttisnefnd.....	9
Kennsluvið.....	10
Félagsvísinda- og lagadeild.....	10
Grunnnám.....	10
BS í viðskiptalögfræði.....	10
BA í miðlun og almannatengslum og BA í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði (HHS).....	11
Nýsköpun í grunnnámi – nýjar námsbrautir.....	11
Meistaránám.....	11
MA / MCM í menningarstjórnun.....	11
ML / MBL í viðskiptalögfræði.....	11
Diplómanám á meistarastigi í viðskiptalögfræði.....	11
MA í Alþjóðlegri stjórnmálahagfræði (International Political Economy).....	12
Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf.....	12
Viðskiptadeild.....	13
Innra mat viðskiptadeildar lokið.....	13
Nokkrir þættir úr starfinu.....	13
Háskólagátt.....	15
Símenntun.....	15
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst.....	15
Rannsóknarsetur í menningarstjórnun.....	16
Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst.....	17
Próunar- og alþjóðasvið.....	17
PRIME – viðmið um sjálfbærni og ábyrgð stjórnenda í menntun.....	18
Náms- og starfsráðgjöf.....	19
Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa.....	19
Aðstoð, námskeið og önnur verkefni.....	19
Bóka- og skjalasafn.....	20
Starfsemin.....	20
Safnkostur.....	20
Prentað efni.....	20
Rafrænt efni.....	20
Útlán.....	21
Heimasíða bókasafnsins.....	21
Samfélagsmiðlar.....	21
Samstarf við bókasöfn á Íslandi og erlendis.....	21
Skjalastjórnun.....	21
Skjalakerfið OneCRM.....	21

Markaðs- og kynningarmál.....	22
Háskóladagurinn.....	22
Opinn dagur 2. júní.....	22
Markaðsstarf.....	22
Tölvuþjónusta.....	23
Hugbúnaður.....	23
Prentþjónusta.....	23
Netumhverfi.....	23
Kennslu- og nemendaskrárkerfi.....	24
Nemendafélag Háskólans á Bifröst.....	24
Hollvinasamtök Bifrastar.....	25
Fjármál og rekstur.....	27
Ársreikningur 2017.....	27
Tölulegar upplýsingar 2018.....	28
Heildarfjöldi nemenda 2018, aldur, kyn, deildir.....	28
Fjöldi nemenda eftir deildum 2018.....	28
Nemendur eftir deildum 2018.....	28
Skipting milli stað- og fjarnema 2018.....	29
Nemendur eftir námsstigum 2018.....	30
Kynjaskipting allra nemenda 2018.....	30
Nemendur í Háskólagátt 2018.....	30
Nemendur eftir fagsviðum 2018 – grunnnám og meistaranám.....	31
Nemendur í símenntun árið 2018.....	31
Útskrifaðir nemendur með háskólagráðu 2018.....	31
Útskrifaðir nemendur úr Háskólagátt og símenntun 2018.....	32
Nemendur eftir námsstigum í upphafi skólaárs 2018 (september).....	32
Starfsfólk.....	33
Hlutfall kynja í stjórn skólans, fulltrúaráði og háskólaráði 2018 (aðalfulltr.).....	33

## Starfsemi Háskólans á Bifröst árið 2018

Háskólinn á Bifröst fagnaði 100 ára afmæli sínu á árinu 2018 en Samvinnuskólinn var stofnaður formlega hinn 3. desember 1918. Afmælisins var minnst með ýmsum hætti á árinu en sérstök afmælisnefnd hafði veg og vanda af skipulagningu viðburða. Samvinnuskólinn var stofnaður til þess að mennta fólk til forystustarfa í atvinnulífinu og samfélaginu og það er enn hlutverk skólans heilli öld síðar þótt skólinn hafi verið uppfærður á háskólastig í takt við almenna þróun menntunar í landinu.



Á afmælisdaginn sjálfan, 3. desember, var haldin vegleg hátíðarsamkoma á Bifröst undir stjórn Leifs Runólfssonar formanns stjórnar skólans. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, heiðraði skólann með þátttöku í dagskránni. Hann hélt eftirminnilega hátíðarræðu en Guðni er einn af þeim fjölmörgu sem hafa verið í kennaraliði skólans. Fjöldi annarra gesta voru með okkur á samkomunni og fluttu ávörp. Svo skemmtilega vildi til að allir rektorar skólans frá því að hann var færður á háskólastig gátu verið með okkur og tekið þátt í dagskránni.

Sérstakt þekkingarþing var haldið þann 22. febrúar þar sem sögu skólans voru gerð skil. Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra, heimsótti þá skólann. Jón Sigurðsson, fyrrv. rektor, flutti ræðu um vegferð Samvinnuskólans en núverandi rektor fjallaði um sögu skólans frá því hann var færður á háskólastig. Sigrún Jóhannesdóttir minntist þáttar skólans í menntun kvenna. Ræður rektoranna voru síðan gefnar út í sérstöku afmælisriti.

Mikilvægasta afmælisgjöfin til skólans var hversu vel tókst til í skólalöndu og rekstrinum. Strax í ársbyrjun 2018 hófu 110 nemendur nám við skólann þar sem miklu munaði að hleypt var af stokkunum fagháskólanámi á tveimur sviðum, í verslunarstjórnun og opinberri stjórnsýslu. Meginhluti nýnema kemur jafnan í skólann á haustönn og hópurnir sem hóf nám sl. haust var óvenju stór en þá innrituðust 118 nýir nemendur í meistaranám, 139 í grunnnám og 50 í Háskólagátt eða samtals 257 nemendur. Alls voru 610 nemendur skráðir í skólann á haustönn 2018 sem var meiri fjöldi en um langt árabíl.

Nýjungar í námi voru settar í gang. Auk fagháskólanámsins voru kynntar til leiks nýjar áherslulínur, viðskiptagreind, í BS námi í viðskiptafræði og verkefnastjórnun í meistaranáminu í forystu og stjórnun. Vel tókst til með allar þessar nýjungar. Fagháskólanámið er 60 ECTS eininga diplománám sem síðan verður hægt að byggja ofan á með námi til BA/BS prófs.

Rekstur skólans var í góðu jafnvægi á árinu 2018. Rekstrarafkoman var jákvæð um 3,4 millj. kr. þrátt fyrir að færa þyrfti rúmlega 23 millj. kr. tap við endanlegt uppgjör á sölu hótélreksturs á vegum skólans. Árið 2018 var annað árið í röð þar sem skólinn skilar hagnaði eftir þrjú erfið ár 2014 – 2016 þar sem skólinn tapaði 255 millj. kr. samtals. Tekjur af skólagjöldum jukust þrátt fyrir ákvörðun um að lækka verulega skólagjöld í grunnnámi og færa þau nálægt því sem Háskólinn í Reykjavík tekur.

Framlag ríkissjóðs til skólans er nú í eðlilegu horfi miðað við umfang rekstrar skólans og eiga alþingismenn kjördæmisins sérstakar þakkir skyldar fyrir vinnu sína að því að fá framlögin hækkuð. Þá hafa viðhorf ráðherra menntamála og starfsmanna ráðuneytisins til skólans þróast mjög í jákvæða átt og samskipti við ráðuneytið eru í góðu horfi.

Hótélrekstri á vegum Háskólans á Bifröst lauk í janúarlök þegar Hótel Bifröst ehf. var afhent nýjum eigendum. Þessi rekstur hófst á árinu 2013 og var byggður upp í góðum skrefum án þess að miklu væri

kostað til. Tap var engu að síður nokkuð þótt það væri minna en af rekstri kaffihúss á árum áður. Mestu skipti þó að hótélreksturinn sem hafði náð viðurkenningu Vakans sem 3 stjörnu hótél jók verðmæti eignar Vikrafells ehf. og þess hluta skólahúsnæðisins sem var selt undir árslok 2017.

Sala hluta skólahúsnæðisins í Hamragörðum og afhending þess kallaði á endurskipulagningu á húsnæðisnotkun skólans. Miklir flutningar urðu innanhúss þar sem bókasafn kom inn á 1. hæð nýja skólahússins, kennslusvið, fjármálasvið og skrifstofa rektors fluttust á 2. hæðina og kennarar fluttust í Himnaríki í heimavistarálmunni sem hafði áður verið lítið sem ekkert nýtt. Ný kennslustofa var útbúin þar sem fjármálasviðið var áður. Nemendafélagið hefur fengið aðstöðu í kaffihúsbyggingunni. Endurbætur á heimavistarálmuni hófust með endurnýjun á gluggaeiningum og tókst vel til og í framhaldinu hafa skólastofur í Helvíti verið endurbættar. Góð fjárhagsstaða skólans hefur gefið svigrúm til þess að takast á við þessi tímabæru verkefni.

Gæðamál voru fyrirferðarmikil í starfi skólans á árinu 2018. Ný stofnanaúttekt á skólanum verður gerð haustið 2020 og undirbúningur fyrir hana var í fullum gangi. Viðskiptadeild sendi frá sér sjálfsmatsskýrslu (Subject Level Review) í september og þá hófst jafnframt vinna við sjálfsmatsskýrslu Félagsvísinda- og lagadeildar.

Ákvörðun var tekin á árinu 2018 um að innleiða Uglu sem nemendaskrárkerfi fyrir Háskólann á Bifröst en Uglu er nemendaskrárkerfi opinberu háskólanna og þróað og viðhaldið af Háskóla Íslands. Innleiðing Uglu auðveldar mjög umsýslu með upplýsingar um nemendur, nám og kennslu í skólanum. Undirbúningur að innleiðingunni er hafinn en hinn 1. júlí 2019 verður Uglu komin í gagnið. Ennfremur var ákveðið að fara af stað með tilraunaverkefni með að nota kennslukerfið Canvas en við upptöku Uglu þarf að taka upp nýtt kennslukerfi.

Viðræður hófust á haustmánuðum við Hjallastefnuna og Kaospilot skólann í Árósum um samstarf. Þessir aðilar hafa áhuga á samstarfi við Háskólann á Bifröst um að bjóða uppá kennaramenntun á Íslandi sem væri með öðruvísi áherslum en það nám sem nú er í boði og leggja kapp á framtak og leiðtogaæfileika. Ennfremur hefur Kaospilot mikinn áhuga á að þróa samstarf um nám á erlendra grund.

Árið 2018 verður væntanlega í flestu tilliti flokkað sem gott ár í sögu Háskólans á Bifröst. Að baki þessu góða ári liggur mikil og metnaðarfull vinna starfsmanna skólans sem hafa notið góðs stuðnings stjórnar skólans, aðstandenda hans og kjörinna fulltrúa kjördæmisins á Alþingi og í fulltrúa í sveitarstjórn. Allir þeir sem lagt hafa sitt af mörkum til skólans á árinu eiga þakkir skildar fyrir óeigingjarnt framlag. Starfsemi skólans byggir á sömu hugsjónum og tilgangi og fyrir einni öld síðan; að útskrifa ábyrga einstaklinga sem vilja og geta eftt atvinnulífið og bætt samfélagið. Að þessu höfum við öll viljað vinna.

*Vilhjálmur Egilsson, rektor*

## Aðalfundur

Aðalfundur Háskólans á Bifröst vegna ársins 2017 var haldinn 9. maí 2018 á Bifröst. Dr. Vilhjálmur Egilsson rektor flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi skólans árið 2018. Ársreikningur 2018 var lagður fram til kynningar og var hann samþykktur samhljóða. Farið var yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarféлага Háskólans á Bifröst 2018. Rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir yfirstandandi ár var kynnt. Löggiltur endurskoðandi skólans KPMG var kjörinn. Kosið var í fulltrúaráð og stjórn skólans.

## 100 ára afmælisár Háskólans á Bifröst

Árið 2018 var 100 ára afmælisár skólans en hann var upprunalega stofnaður á grunni Samvinnuskólans 3. desember árið 1918 í Reykjavík. Skólinn var síðar fluttur á Bifröst árið 1955 og hefur verið starfræktur þar síðan. Haldin var vegleg dagskrá yfir allt árið þar sem haldið var upp á þennan merka áfanga í sögu skólans.

### Bifrastarþing

Þann 22. febrúar var haldið Bifrastarþing þar sem opnun aldarafmælishátíðar Háskólans á Bifröst fór fram með formlegum hætti. Flutt voru fróðleg og skemmtileg erindi sem spönnuð vel yfir þau hundrað ár sem skólinn hefur starfað.



Meðal þeirra sem héldu ávörp voru Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Jón Sigurðsson, fyrrverandi rektor og Sigrún Jóhannesdóttir sem minntist kvennanámskeiðanna sem skólinn stóð fyrir á 9.áratugnum undir yfirheitinu “Kvennaframi”.

Mikið ánægjuefni er hversu stór og fjölbreyttur hópur gesta lagði leið sína á Bifröst þennan fallega fimmtudag í febrúar en um 75 manns sóttu viðburðinn, hlýddu á mælendur, tóku

þátt í umræðum og þáðu góðar veitingar að dagskrá lokinni. Einnig voru á bilinu 20 – 30 manns sem fylgdust með athöfninni í beinni útsendingu á netinu.

### Árshátíð Nemendafélags Háskólans á Bifröst

Árshátíð Nemendafélags Háskólans á Bifröst fór fram föstudaginn 16. mars. Var samkoman vel heppnuð í alla staði en um 80 veislugestir skemmtu sér konunglega undir veislustjórni Jóels Sæm og Tryggva Rafns. Maturinn var einstaklega ljúffengur og skemmtiatriðin fjölbreytt og skemmtileg. Hápunktur kvöldsins var frumflutningur á myndbandi sem skemmtinefndin hafði tekið upp í tilefni kvöldsins. Að endingu steig á svið Hlynur Ben ásamt hljómsveitinni Upplifun og hélt uppi stuðinu til klukkan 03:00 um nóttina.

### Endurfundir Bifrestinga

Þann 7. apríl var haldinn viðburður þar sem gömlum Bifrestingum var gefinn kostur á að hitta gamla skólafélaga og vini frá Bifröst. Viðburðurinn var haldinn á Hard Rock Cafe í Reykjavík og var góð mæting. Léttar veitingar og drykkir voru í boði í byrjun kvölds og síðan tók við skemmtun þar sem Bifrestingar sjálfir sáum skemmtun eins og þeim einum er lagið.

## Opinn dagur

Opni dagur háskólans var haldinn 2. júní þar sem allt námsframboð skólans var kynnt og var dagskráin sérstaklega vegleg þetta árið. Boðið var upp á skemmtun fyrir alla fjölskylduna, meðal þess sem boðið var upp á voru hoppukastalar, blöðrudýr, andlitsmálning og leiksyning frá leikhópnum Lottu. Þá var ís og vöflur í boði fyrir alla gesti sem og tónlistaratriði og síðast en ekki síst þá var Sirkus Íslands á vappinu meðal gesta. Allar deildir voru með kynningar á sínu námsframboði og voru nemendur fremstir í flokki í kynningu á náminu.



## Söngbræður í Grábrókargíg

Í tilefni afmælisins buðu aðstandendur skólans upp á glæsilega örtónleika með Karlakórnum Söngbræðrum í Grábrókargíg. Tónleikarnir fóru fram í blíðskaparveðri þann 5. júlí síðastliðinn og var mjög góð mæting. Á þessu fallega sumarkvöldi hlýddu lopapeysuklæddir gestir á léttu og skemmtilega dagskrá og skapaðist alveg einstök stemning. Tónleikarnir stóðu yfir í 30 mínútur og að þeim loknum var gestum boðið að þiggja veitingar á Hótel Bifröst.

## Sveitaball Bifrestinga

Föstudaginn 14. september var Slegið upp sveitaballi á Bifröst þar sem hljómsveitin Upplýfting spilaði fyrir dansi en ballið voru um leið útgáfutónleikar nýjustu plötu hljómsveitarinnar.

## Afmælishátíð Háskólans á Bifröst

Afmælishátíð á Bifröst þann 3. desember var vel sótt og komu þar saman nærri 100 velunnarar og hollvinir Háskólans á Bifröst ásamt þingmönnum, embættismönnum og starfsfólki skólans. Sérstakur heiðursgestur hátíðarinnar var háttvirtur forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson. Hann naut leiðsagnar um háskólann undir stjórn Vilhjálms Egilssonar, rektors, og Þóris Páls Guðjónssonar, kennara við skólann til margra ára.

Hátíðin hófst með ávarpi forseta en auk hans ávörpuðu samkomuna m.a. félagsmálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, Óli H. Þórðarson, formaður Hollvínasjóðs Bifrastar, barnabörn Jónasar frá





Hriflu þær Guðrún Eggertsdóttir og Gerður Steinþórsdóttir og Vilhjálmur Egilsson. Auk þess stigu fyrirverandi skólastjórar og rektorar Samvinnuskólans og Háskólans á Bifröst á svið og minnst síns tíma við skólann. Hátíðarstjóri var Leifur Runólfsson, stjórnarformaður háskólans. Að hátíðardagskrá lokinni var boðið til glæsilegrar afmælisveislu á Hótel Bifröst og lá vel á gestum sem rifjuðu upp gamla og góða tíma á Bifröst og horfðu um leið björtum augum til framtíðarinnar.

Í ávarpi sínu kom Vilhjálmur Egilsson, rektor, inn á það að hlutverk háskólans væri að vera leiðandi í stefnumótun og þjóna nemendum í síbreytilegum heimi. „Það er mikill heiður að geta státað af þessum áfanga og starfsfólk okkar vinnur hugsjónastarf sem við öll trúum á og að með því séum við að leggja mikið af mörkum til íslensks samfélags,“ sagði Vilhjálmur m.a. í ávarpi sínu. Í ávörpum fyrrum skólastjóra og rektora bar við svipaðan tón um að framtíð Bifrastar væri björt, skólinn ætti erindi og því væri hann hér enn og sú snerpa og sveigjanleiki til að aðlagast breyttum aðstæðum sem innan veggja hans ríktu hefði reynst skólanum vel oft en einu sinni.

## Fulltrúaráð

Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál. Fulltrúaráð fundar a.m.k. einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Verkefni fundarins er að greina frá starfsemi háskólans og samþykkja ársreikning hans fyrir undanfarið rekstrarár.

Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst er skipað 15 einstaklingum og fimm til vara.

Þeir sem tilnefna í fulltrúaráð Háskólans á Bifröst eru: Borgarbyggð, háskólaráð Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtök Bifrastar, Samband íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtök atvinnulífsins. Hver þessara aðila tilnefnir þrjá fulltrúa og einn til vara.

Í fulltrúaráði á aðalfundi árið 2018 sátu eftirtaldir fulltrúar:

Frá Borgarbyggð:

Þórunn Unnur Birgisdóttir  
Helgi Haukur Hauksson  
Geirlaug Jóhannsdóttir  
Varafulltrúi: Bjarki Þór Grönfeldt

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Rúnar Ágúst Svavarsson  
Anna Ólöf Kristjánsdóttir  
Hjörtur Smári Vestfjörð  
Varafulltrúi: Jóna Dóra Ásgeirsdóttir

Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Sigrún Lilja Einarsdóttir  
Helga Kristín Auðunsdóttir  
Brynjar Þór Þorsteinsson  
Varafulltrúi: Teitur Örn Erlingsson

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Birna Bjarnadóttir  
Skúli Skúlason  
Ólafur Sigmarsson

Varafulltrúi: Hannes Karlsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Áslaug Hulda Jónsdóttir

María Guðmundsdóttir

Davíð Þorláksson

Varafulltrúi: Bergþóra Halldórsdóttir

## Stjórn skólans

Stjórn Háskólans á Bifröst er skipuð fimm einstaklingum tilnefndum til tveggja ára í senn af eftirtöldum aðilum: Borgarbyggð, háskólaráði Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtökum Bifrastar, Sambandi íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtökum atvinnulífsins. Þrír aðalmenn í stjórn eru tilnefndir annað hvert ár, en tveir aðalmenn í stjórn hin árin. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti. Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna.

Stjórn skólans mótar stefnu hans og setur honum reglugerð. Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stjórnin skal fylgjast með fjárhag Háskólans á Bifröst, einkum því að tekjur standi undir kostnaði og skuldbindingum.

Stjórn og rektor Háskólans á Bifröst gera fulltrúaráði grein fyrir fjárhag og rekstri skólans á aðalfundi hvers árs.

### Stjórn Háskólans á Bifröst

Frá Borgarbyggð:

Aðalfulltrúi: Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri

Varafulltrúi: Sigurður Guðmundsson

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Aðalfulltrúi: Leifur Runólfsson, lögmaður

Varafulltrúi: Halldór Þ. Þorsteinsson

Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Aðalfulltrúi: Bryndís Hlöðversdóttir, ríkissáttasemjari

Varafulltrúi: Vífill Karlsson

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Aðalfulltrúi: Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Varafulltrúi: Guðsteinn Einarsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Aðalfulltrúi: Marteinn Jónsson, framkvæmdastjóri

Varafulltrúi: Bergþóra Halldórsdóttir

Formaður stjórnar er Leifur Runólfsson, lögmaður.

## Háskólaráð

Vegna breytinga á reglugerð skólans sem tók gildi 1. ágúst 2016 breyttist hlutverk háskólaráðs nokkuð frá því að fara með æðsta vald í innri málum háskólasamfélagsins til þess að vera ráðgefandi í málum þess.

Samsetning ráðsins breyttist hins vegar ekki, en þar sitja rektor, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, þrír fulltrúar kennara sem kennslu- og rannsóknarráð tilnefnir, einn fulltrúi annarra starfsmanna



háskólans sem tilnefndur er á starfsmannafundi, þrír nemendur úr grunnnámi, einn fulltrúi nemenda Háskólagáttar og einn fulltrúi meistaranema. Fulltrúar nemenda eru kjörnir af nemendum.

Rektor er heimilt að bjóða fleiri aðilum seturétt í háskólaráði eftir því sem þurfa þykir. Þessir aðilar hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Gæðastjóri, fjármálastjóri og fulltrúi íbúaráðs sitja að öllu jöfnu fundi háskólaráðs.

Háskólaráð fundar að jafnaði mánaðarlega yfir skólaárið. Fundargerðir ráðsins eru birtar á vef skólans.

Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2017 – 2018:

Vilhjálmur Egilsson, rektor

Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu

Guðrún Björk Friðriksdóttir, fulltrúi starfsmanna

Sigrún Lilja Einarsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Unnar Steinn Bjarndal, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Einar Svansson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Hróðný Kristjánsdóttir, fulltrúi meistaranema

Teitur Erlingsson, fulltrúi grunnnema

Berglind Sunna Bragadóttir, fulltrúi grunnnema

Jóhannes Geir Guðnason, fulltrúi grunnnema

Bjarni Heiðar Halldórsson, fulltrúi Háskólagáttarnema

Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2018 – 2019:

Vilhjálmur Egilsson, rektor

Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu til 1.apríl 2019,

Dagný Kristinsdóttir kemur inn í hennar stað frá þeim tíma.

Guðrún Björk Friðriksdóttir, fulltrúi starfsmanna

Sigrún Lilja Einarsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Unnar Steinn Bjarndal, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Einar Svansson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Brynjar Elefsen Óskarsson, fulltrúi meistaranema

Bjarni Heiðar Halldórsson, fulltrúi grunnnema

Daniel Alexander Carthart Jones, fulltrúi grunnnema

Hafdís Jóhannsdóttir, fulltrúi grunnnema

Birgitta Dögg Bender, fulltrúi Háskólagáttarnema

## Kennslu- og rannsóknaráð

Kennslu- og rannsóknaráð er samráðsvettvangur akademískra starfsmanna skólans og kýs jafnframt fulltrúa kennara í ráð og nefndir skólans eins og við á. Rektor boðar ráðið til a.m.k. tveggja funda árlega þar sem m.a. eru ræddar stefnumótandi ákvarðanir sem lúta að akademísku starfi skólans.

Ráðið fundaði tvisvar á árinu 2018. Á fundi í mars var m.a. rætt um fyrirkomulag vinnuhelga. En í rýnihópum með nemendum kom fram að þær þóttu of langar og jafnvel ekki gagnlegar. Nokkur umræða spannst um þetta. Ákveðið að deildirnar tæku þetta fyrir hjá sér og koma með hugmyndir.

Á fundi ráðsins í ágúst fóru fram kosningar í ráð og nefndir en auk þess var fjallað um innritanir á haustönn og vinnu að nýjum námslínum.

## Gæðastarf Háskólans á Bifröst

Allt starf Háskólans á Bifröst á að leitast við að mæta kröfum um gæði í háskólastarfi. Skólinn hefur sett sér gæðastefnu sem tekur mið af þessu. Gæðastarfinu er ætlað að hámarka gæði náms, kennslu og rannsókna við háskólann með það að markmiði að bjóða upp á lærdómssamfélag sem mætir íslenskum og alþjóðlegum



gæðakröfum sem og að tryggja gæði prófgráða frá Háskólanum á Bifröst. Gæðakerfið á að taka mið af og leitast við að uppfylla kröfur sem gerðar eru til ytra og innra mats háskóla. Gæðastarfið þarf að vera opið, gegnsætt, einkennast af gagnrýnum og framsýnum viðhorfum og fela í sér viðleitni til umbóta.

Þannig felur starf Háskólans á Bifröst meðal annars í sér þátttöku í evrópska háskólasvæðinu (e. European Higher Education Area). Gæðakerfi háskólans tekur mið af leiðbeiningum sem settar eru fram í ritinu *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area*. Háskólinn á Bifröst starfar eftir rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi og störf Gæðaráðs íslenskra háskóla og tekur virkan þátt í samstarfi háskóla á sviði gæðamála, m.a. á vettvangi ráðgjafanefndar gæðaráðsins.

Gæðahandbók Háskólans á Bifröst felur í sér lýsingu á gæðakerfi skólans, afmörkun verkefna og ábyrgðar og verklagsreglur sem móta starf skólans um nám, kennslu, rannsóknir og aðra helstu þætti í starfsemi hans. Á árinu 2018 hófst vinna við endurskoðun gæðahandbókar háskólans, sem felur meðal annars í sér einföldun á framsetningu og í sumum tilvikum skiptingu í reglur annars vegar og leiðbeiningar hins vegar. Gæðaskjöl verða sett fram í afmörkuðum handbókum og á þeirri vinnu að ljúka á árinu 2019. Aukin áhersla verður á að safna saman lykiltölum og öðrum gögnum sem nýtast í innra mati skólans. Á árinu var unnið að gerð sniðmáta fyrir hina ýmsu þætti gæðastarfsins. Áfram var unnið að tilteknum gæðaverkefnum sem tengjast námi og kennslu, svo sem úttekt á gæðum fyrirlestra. Kannanir meðal nemenda voru þróaðar áfram og ný könnun lögð fram meðal skiptinema haustið 2018 í umsjón alþjóðasviðs. Loks má nefna að verkáætlun gæðamála til ársins 2023 var mótuð. Signý Óskarsdóttir var gæðastjóri Háskólans á Bifröst á árinu 2018.

## Gæðaráð íslenskra háskóla - innra og ytra mat

Gæðaráð íslenskra háskóla hefur sett fram rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (e. Icelandic Quality Enhancement Framework) og birt í sérstakri handbók sem var endurskoðuð á árinu 2017. Kveður rammaáætlun á um að á fimm ára tímabili skuli fara fram kerfisbundið mat á gæðum háskólastarfs á Íslandi. Felst matið annars vegar í innra mati (sjálfsmati) faglegra eininga innan háskólanna og hins vegar í ytra mati Gæðaráðs á háskólunum.

Gæðaráðið hefur tilkynnt Háskólanum á Bifröst að næsta úttekt (ytra mat) á háskólanum fari fram haustið 2020. Það ferli hófst haustið 2017 með innra mati faglegra eininga þegar vinnu við sjálfsmats viðskiptadeildar fór af stað. Sjálfsmatsskýrsla deildarinnar var tilbúin í ágúst 2018 og var kynnt fulltrúum Gæðaráðsins á árlegum fundi í september. Á sama tíma hófst samsvarandi vinna við sjálfsmat félagsvísinda- og lagadeildar. Sem lið í þeirri vinnu heimsóttu fulltrúar deildarinnar stofnanir í Bretlandi í nóvember 2018. Sjálfsmatsskýrsla félagsvísinda- og lagadeildar verður tilbúin á vormánuðum 2019 og verður í framhaldinu kynnt fulltrúum Gæðaráðsins.

Í lok árs 2018 var stofnaður matshópur um innra mat stofnunar sem hefur það verkefni að taka saman heildarskýrslu (Reflective Analysis) um gæðastarf háskólans sem, ásamt sjálfsmatsskýrslum faglegra eininga, mun liggja til grundvallar á ytra mati á starfi háskólans haustið 2020.

## Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs

Samhliða Gæðaráðinu starfar ráðgjafarnefnd sem er skipuð fulltrúum háskólanna, stúdentna, Rannís og mennta- og menningarmálaráðuneytis og er tengiliður á milli ráðsins og skólanna. Auk þess að vera Gæðaráði til ráðgjafar um framkvæmd rammaáætlunarinnar er ráðgjafarnefndin samráðsvettvangur háskólanna og gengst fyrir málþingum og fræðslu um gæðamál. Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs starfar á grundvelli ákvæða í gæðahandbók Gæðaráðs íslenskra háskóla. Verkefni þess eru tilgreind í gæðahandbókinni og myndar ráðið eins og áður getur mikilvægan samráðsvettvangur íslenskra háskóla á sviði gæðamála. Signý Óskarsdóttir gæðastjóri var fulltrúi Háskólans á Bifröst í ráðgjafarnefndinni á árinu 2018.

## Jafnréttisnefnd

Hlutverk jafnréttisnefndar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála innan Háskólans á Bifröst. Jafnréttisáætlun skólans er endurskoðuð af jafnréttisnefnd en framkvæmd og ábyrgð er í höndum rektors.

### *Jafnréttisnefnd 2017-2018*

Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, formaður  
Sigrún Lilja Einarsdóttir, fulltrúi starfsfólks  
Kaðlín Kristmannsdóttir, fulltrúi nemenda

### *Jafnréttisnefnd 2018-2019*

Páll Rafnar Þorsteinsson, formaður  
Sólveig Hallsteinsdóttir, fulltrúi starfsfólks  
Helga Sigurlína Halldórsdóttir, fulltrúi nemenda

Jafnréttisáætlun Háskólans á Bifröst er í endurskoðun. Áætlunin er síðan árið 2005 en endurskoðuð árið 2014.

## Kennslusvið

Verkefni kennslusviðs lúta að framkvæmd kennslu og þjónustu. Meðal verkefna sviðsins er umsjón með kennslukerfi og nemendaskrá skólans, útskriftum, móttöku umsókna, umsýslu vegna lokaritgerða, framkvæmd lokaprófa, náms- og starfsráðgjöf, umsjón með starfsnámi o.fl. Framkvæmd kennslumats, skipulagning kennslu og vinnuhelga er einnig meðal verkefna kennslusviðs. Loks setur kennslusvið upp stundaskrár hvernar lotu og dagskrá skólaársins í samráði við deildarforseta og yfirstjórn skólans. Í ársskýrslunni má einnig sjá afrakstur af utanumhaldi um tölfraði skólans sem er hluti af verkefnum kennslusviðs.

Kennslusvið heldur námskeið fyrir nýja kennara fyrir upphaf hvernar annar og var unnið að því á árinu að bæta þá þjónustu. Prófhald og námsmat er nokkuð umfangsmikið vegna lotukennslunnar og fjölda fjarnema, en nemendur taka próf víðs vegar um land sem og erlendis. Heimapróf eru nú heimiluð í skólanum, en fjölbreytt námsmat er meðal þess sem lögð er áhersla í Háskólanum á Bifröst.

Nemendur eru hvattir til að taka þátt í kennslumati sem deildarforsetar fylgja eftir, þegar og ef þörf er á, en kennslusvið sér um framkvæmdina.

Á árinu var ákveðið að skólinn tæki upp Uglu, sem er nemendaskráningarkerfi. Innleiðingarferlið hófst á haustmánuðum. Starfshópur var skipaður til að skoða nýtt kennslukerfi, en skólinn hefur verið með Myschool kerfið undanfarin ár. Hópurinn lagði til að Canvas yrði fyrir valinu og hefur það kerfið verið í prufukeyrslu.

Í lok ársins 2018 störfuðu átta manns á sviðinu, þ.e. sjö konur og einn karl, 5 eru í fullu starfi og 2 í hlutastarfi. Á bókasafninu er einn starfsmaður í hlutastarfi.

## Félagsvísinda- og lagadeild

2018 var fyrsta fulla starfsár sameinaðrar félagsvísinda- og lagadeildar, en deildarforseti hennar er Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent og staðgengill hennar er Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor. Í deildarráði á árinu 2017 sátu Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent og forseti félagsvísinda- og lagadeildar, Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor og Róbert Viðarsson, nemandi í viðskiptalögfræði.

Skólaárið 2017 – 2018 hófst með móttöku nýnema í ágúst þar sem áherslur námsins, kennslufyrirkomulag og kennsluaðferðir voru kynntar. Á árinu 2018 voru í boði þrjár námsbrautir í grunnnámi.

### Grunnnám

#### BS í viðskiptalögfræði

Aðsókn í grunnnám í viðskiptalögfræði var þokkaleg haustið 2017. Háskólinn á Bifröst var fyrstur háskóla á Íslandi að bjóða uppá annað nám á sviði lögfræði en í lagadeild HÍ. Þróun í kennslu í fjarnámi í viðskiptalögfræði hefur haldið áfram eftir að byrjað var að kenna viðskiptalögfræði í fjarnámi haustið 2015. Jafnframt hefur verið boðið uppá BS í viðskiptalögfræði með vinnu, sem hefur mælst ágætlega fyrir.

## BA í miðlun og almannatengslum og BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)

Aðsókn í nám í miðlun og almannatengslum haustið 2017 var þokkaleg en nokkuð hefur dregið úr aðsókn í HHS. Jafnframt hélt aðsókn í staðnám áfram að minnka, í samræmi við þróun undanfarinna ára. Námslínurnar eru að hluta til samþættar.

### Nýsköpun í grunnnámi – nýjar námsbrautir

Haustið 2018 var farið af stað með nýtt diplómanám í opinberri stjórnsýslu, í samvinnu við Starfsmennt. Jafnframt verður nemendum í diplómanámi boðið uppá að ljúka BA-námi í opinberri stjórnsýslu, en sú námslína hefur göngu sína haustið 2019. Einnig er í vinnslu að bjóða uppá diplómanám í löggildingu fasteigna-, fyrirtækja og skipasala á árinu 2019.



### Meistaránám

Fjórar námsbrautir eru nú kenndar á meistarastigi í félagsvísinda- og lagadeild, en stefnt er að inntöku í þá fimmtu, International Political Economy, á haustönn 2020.

### MA / MCM í menningarstjórnun

Aðsókn að meistaránámi í menningarstjórnun hefur verið fremur stöðug undanfarin ár þó nokkuð hefur dregið úr aðsókn miðað við upphafsár námslínunnar. Haustið 2018 var boðið uppá tvær áherslulínur; annars vegar 90 ECTS MA-gráðu sem nemendur ljúka með því að skrifa 30 ECTS lokaritgerð og hins vegar 90 ECTS MCM-gráðu (Master of Cultural Management) með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf þar sem nemendur vinna 12 ECTS hagnýtt lokaverkefni. Námslínan er í stöðugri endurskoðun og hefur áherslan verið m.a. á að skerpa enn frekar á hagnýtum þáttum námsins, með aukinni áherslu á nýsköpun og stjórnun. Nemendur sem lokið hafa meistaránámi í menningarstjórnun starfa víða innan menningargeirans á Íslandi í dag, og þá einkum við stjórnunarstörf.

### ML / MBL í viðskiptalögfræði

Ný námslína í meistaránámi í viðskiptalögfræði fór af stað í janúar 2017. Nemendur geta bæði tekið 120 ECTS ML-gráðu (sem lýkur með 30 ECTS ritgerð) eða 90 ECTS MBL-gráðu (Master of Business Law) án meistararitgerðar. MBL-námið er eina nám sinnar tegundar á Íslandi – það er stjórnendamiðað og meginmarkmið þess er að undirbúa nemendur fyrir stjórnendastörf í viðskiptalífínu og veita þeim jafnframt trausta, fræðilega þekkingu á sviði viðskiptalögfræði sem nýtist þeim í fjölbreytilegu starfsumhverfi. Unnt er að ljúka náminu á þremur önnum án ritgerðar, eða fjórum önnum með meistararitgerð. Hver nemandi getur tekið námið á þeim hraða sem viðkomandi hentar og námið er ekki síst hugsað fyrir þá sem vilja sækja sér framhaldsmenntun samhliða vinnu.

### Diplómanám á meistarastigi í viðskiptalögfræði

Boðið er uppá tvenns konar diplómagráður á meistarastigi í viðskiptalögfræði. Diplómanám í samningatækni og sáttamiðlun er 30 ECTS nám sem miðar að því að kenna nemendum hagnýtar aðferðir í samningatækni og sáttamiðlun og veitir stjórnendum verkfæri til að takast á við erfið samskipti og við að leysa úr deilumálum. Diplómanám í fyrirtækjalögfræði er sömuleiðis 30 ECTS viðbótarnám á meistarastigi sem miðar að því að þjálfva nemendur í hagnýtum og fræðilegum þáttum er lúta að lagalegum þáttum í viðskipta- og rekstrarumhverfi fyrirtækja.

## MA í Alþjóðlegri stjórnmálahagfræði (International Political Economy)

MA námið í International Political Economy (IPE) er þverfaglegt nám með víða skírskotun og traustar undirstöður í stöðu Háskólans á Bifröst sem norræns háskóla. Námið býr nemendum undir vinnu á alþjóðavettvangi, t.a.m. í alþjóðastofnunum, frjálsum alþjóðlegum félagasamtökum, alþjóðlegum fyrirtækjum, fjölmiðlum og á öðrum þeim stöðum þar sem haldgóð þekking á samþættum efnahagslegum og stjórnmálalegum veruleika heimsins er verðmæt. Námið er alfarið á ensku.

## Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Árið 2018 var ár rannsóknarvirkni meðal akademískra starfsmanna í félagsvísinda- og lagadeild.

Afraksturinn birtist m.a. í greinum og bókarköflum og þátttöku fjölmargra í ráðstefnum, bæði heima og erlendis. Nokkrir af okkar akademísku starfsmönnum voru áberandi í umfjöllunum bæði innlendra og erlendra fjölmiðla, einkum á sviði stjórnmálafræði og hagfræði. Af helstu afrekum á sviði rannsóknna má nefna eftirfarandi:

Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, er reglulegur álitsgjafi fjölmiðla í umfjöllunum um málefni líðandi stundar varðandi stjórnmál og efnahagsmál, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Á árinu 2018 kom meðal annars út bók Eiríks Conspiracy & Populism: The Politics og Misinformation hjá hinni virtu Palgrave Macmillan-útgáfu í London. Þá komu út eftir hann tveir bókakaflar. Eiríkur vinnur nú að nýrri bók sem Palgrave Macmillan mun gefa út árið 2020. Auk bókaskrifa og ritunar fræðigreina tók Eiríkur þátt í ráðstefnum víða um heim á sínu sérsviði. Hann hélt lykilyrilestra (keynote address) við nokkra virtustu háskóla heims.

Dr. Francesco Macheda, lektor í stjórnmálahagfræði birti greinar á sínu sérsviði og tók þátt í nokkrum rannsóknarráðstefnum á árinu. Francesco ritaði að auki tvo kafla í bækur sem komu út hjá Peter Lang og Routledge útgáfunum.

Sama má segja um Dr. Njörð Sigurjónsson, en hann birti greinar á sínu sviði auk kafla í bók sem kom út á vegum Routledge.

Dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon varði fyrri hluta ársins sem pólitískur ráðgjafi borgaralegs sendifulltrúa NATO í Kabúl í Afganistan og fékkst þar við jafnréttismál, málefni barna sem verða fyrir áhrifum af stríði, mannfalls meðal almennra borgara, efnahagsmál, mannréttindi og lög og rétt.

Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor, stundar doktorsnám í lögfræði við Fordham-háskóla í New York. Doktorsverkefni hennar fjallar um lagaumhverfi vogunarsjóða sem fjárfesta í skráðum félögum. Helga Kristín hefur jafnframt leitt samstarfsverkefnið LAW WITHOUT WALLS en Háskólinn á Bifröst tók þátt í verkefninu í fjórða sinn á árinu 2018. Á meðal þeirra háskóla sem taka þátt í samstarfinu eru margir af virtustu háskólum heims, svo sem Harvard, Stanford, New York University, Fordham University og University College London. Verkefnið er skipulagt af University of Miami og samstarf háskólanna miðar að því að veita laganemum breiðari sýn á lögfræði sem og tækifæri til að nýta menntun sína til úrlausnar á raunhæfum verkefnum. Íris Hervör Sveinsdóttir og Kristófer Kristjánsson voru fulltrúar Háskólans á Bifröst á árinu 2018 í þessu verkefni, ásamt Helgu Kristínu.

Á árinu 2018 var unnið að svokölluðu Subject Level Review á vettvangi deildarinnar og var mikil vinna lögð í að rýna vel starf hennar í skýrslu sem kemur út á vormánuðum 2019. Í skýrslunni er að finna punkta sem deildin mun vinna með til framtíðar. Dr. Páll Rafnar Þorsteinsson hafði ásamt deildarforseta veg og vanda að vinnslu skýrslunnar.

Gert er ráð fyrir að styrkja starf deildarinnar með tveimur nýráðningum á árinu 2019, annarri á vettvangi lögfræði og hinni á vettvangi félagsvísinda, að líkindum með áherslu á miðlun og almannatengsl.



## Viðskiptadeild

Á árinu 2018 var lokið undirbúningi að nýjum áherslulínum í grunnnámi og meistaranámi sem voru í boði haustið 2018. Í meistaranámi kom inn áhersla á verkefnastjórnun í Forystu og stjórnun og fékk þessi nýja áhersla mjög góða aðsókn strax í upphafi. Í grunnnámi bættust við viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind og markaðssamskipti og samfélagsmiðla. Auk þess hófst nýtt diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun í febrúar 2018. Námið er starfstengt fagháskólanám fyrir



verslunarstjóra og einstaklinga með víðtæka reynslu af verslunarstörfum, þróað í samvinnu með VR, HR og samtökum verslunarinnar. Námið er 60 ECTS einingar en gefur möguleika á að ljúka grunngráðu í viðskiptafræði. Á síðari hluta ársins var unnið að nýjum áherslulínum fyrir haustið 2019. Í meistaranámi bætist þjónandi forysta við sem áherslulína í Forystu og stjórnun og í grunnnámi viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun. Auk þess hófst undirbúningur að nýrri námslínu í þjónandi forystu í meistaranámi. Áætlað er að þetta nám hefjist haustið 2020 og verði kennt á ensku.

### Innra mat viðskiptadeildar lokið

Innra mati eða svokölluðu sjálfsmati viðskiptadeildar (Subject-Level Review) lauk í ágúst 2018 með útgáfu sjálfsmatsskýrslu deildarinnar. Skýrslan var kynnt á fundi með fulltrúum Gæðaráðs íslenskra háskóla í september 2018. Afrakstur þessarar vinnu verður leiðarljós í umbóta- og þróunarstarfi viðskiptadeildar næstu árin en skýrslan inniheldur sérstakan aðgerðalista fyrir helstu umbótaverkefni komandi missera. Dr. Ingólfur Arnarson dósent stýrði vinnu við innra mat deildarinnar og var ritstjóri skýrslunnar, ásamt Guðrúnu Björk Friðriksdóttur. Prófessor Astrid Richardsen frá Viðskiptaháskólanum í Osló var ytri ráðgjafi við framkvæmd matsins. Í samráðshópi deildarinnar sátu Einar Svansson lektor og nemendurnir Jóna Guðrún Kristinsdóttir og Ísak Eyfjörð Arnarson.

### Nokkrir þættir úr starfinu

Í bókinni *Practicing Servant Leadership, Developments and Implementation* eru kynntar nýjar rannsóknir og greiningar um þjónandi forystu sem kynntar voru á vísindapöngingu *Global Servant Leadership Research Roundtable* sem haldið var á Bifröst haustið 2016. Vísindapöngið var skipulagt af þeim Dirk van Dierendonck, Kathleen Patterson og Sigrúnu Gunnarsdóttur og var haldið í samvinnu við þekkingarsetur um þjónandi forystu og Háskólann á Bifröst. Ritstjórar bókarinnar



eru Dirk van Dierendonck og Kathleen Patterson sem eru leiðandi fræðimenn á sviði þjónandi forystu og þau Dr. Sigrún Gunnarsdóttir, dósent við viðskiptadeild og Dr. Róbert Jack, stundakennari við viðskiptadeild eru fulltrúar íslenskra fræðimanna sem eiga kafla í bókinni. Bókin er mikilvægt framlag

til þróunar þekkingar um þjónandi forystu og er notuð sem námsefni í meistaranámi um þjónandi forystu á Bifröst.

Í Tímariti um viðskipti og efnahagsmál var birt rannsóknarsgrein þeirra Sigurbjargar Hjálmarsdóttur, stundakennara við viðskiptadeild og Sigrúnar Gunnarsdóttur, dósents við viðskiptadeild. Greinin byggir á rannsókn um viðhorf stjórnenda fyrirtækja hér á landi sem hlotið hafa viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki VR. Rannsóknin var verkefni Sigurbjargar til meistarargráðu við Háskólann á Bifröst. Niðurstöður varpa ljósi á áherslur stjórnenda árangursríkra fyrirtækja hér á landi og kemur í ljós að áherslurnar endurspeglar meginþætti hugmyndafræði þjónandi forystu. Fáar rannsóknir eru fyrirliggjandi sem varpa ljósi á þjónandi forystu í fyrirmyndarfyrirtækjum og greinin er því kærkomið framlag til þróunar þekkingar og er notuð sem námsefni í kennslu um þjónandi forystu á Bifröst.

Í tímariti SAGE Open var birt rannsóknargrein þar sem höfundar voru Sigurður Ragnarsson, Sigrún Gunnarsdóttir og Erla Sólveig Kristjánsdóttir, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Rannsóknin byggir á viðtölum og þátttökuathugun hjá bandarísku fyrirtæki sem hefur iðkað þjónandi forystu um langt skeið.

Jón Snorri Snorrason lektor og Einar Guðbjartsson, dósent við Háskóla Íslands hafa unnið að yfirgripsmikilli samburðarrannsókn með könnun um störf og stjórnarhætti endurskoðunarnefnda. Á árinu fengu þeir styrk frá Félagi löggiltra endurskoðenda til þess að halda þessum rannsóknum áfram. Niðurstöður þeirra rannsókna voru kynntar á nokkrum ráðstefnum. Jón Snorri og Einar voru einnig meðhöfundar í grein í tímaritinu Viðskipti og efnahagsmál sem heitir: „Endurskoðunarnefndir: Samsetning og góðir stjórnarhættir“.

Áfram var unnið að erlendum samstarfsverkefnum svo sem við verkefnið „Design thinking“ sem er styrkt af Erasmus áætluninni og unnið er í samstarfi við háskóla í Þýskalandi, Póllandi, Hollandi, Portúgal, Ítalíu, Bretlandi og Slóvakíu. Verkefnið er til 3ja ára og er leitt af Jóni Frey Jóhannssyni og Kára Joensen af hálfu Háskólans á Bifröst. Verkefnið Rekstraráætlanir, þar sem nemendur takast á við raunhæf viðfangsefni úr atvinnulífinu, var þróað áfram.

Forseti viðskiptadeildar er Sigurður Ragnarsson. Sigurður var í rannsóknarleyfi frá janúar til ágúst 2018 og var Stefán Kalmannsson staðgengill hans. Einar Svansson lektor var í rannsóknarleyfi frá 1. september 2018.

Í deildarráði viðskiptadeildar voru Stefán Kalmannsson frá janúar til ágúst og Sigurður Ragnarsson deildarforseti frá ágúst til desember, Jón Snorri Snorrason lektor og Jóna Guðrún Kristinsdóttir meistaranemi. Varamaður nemenda var Ingi Gunnar Kristbergsson.

## Háskólagátt

Nám í Háskólagátt er samkvæmt reglugerð nr. 1266/2013 um aðfaranám að háskólanámi og lögum um háskóla nr. 63/2006. Námskeiðin eru í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og útskrifast nemendur nú með þekkingu, leikni og hæfni sem samræmist þriðja hæfniprepi samkvæmt ISQF (Icelandic Quality Framework).

Til að eiga kost á að hefja nám í Háskólagátt þurfa nemendur að hafa lokið 140 f-einingum samkvæmt núgildandi einingarkerfi, sem jafngildir um það bil 85 einingum samkvæmt gamla einingakerfinu. Innan þessara 140 eininga verða umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti einum áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku. Ef umsækjandi uppfyllir ekki inntökuskilyrði en býr yfir töluverðri starfsreynslu gefst honum kostur á að leggja fram niðurstöður raunfærnimats sem metur jafngilda reynslu og menntun. Starfsreynsla er þó aldrei metin til fulls á við einingar. Nám í Háskólagátt er nú 62 f-einingar (framhaldsskóla einingar) en nemendum stendur einnig til boða að bæta við sig 15 f-einingum í kjarnagreinunum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði og útskrifast þá með allt að 77 f-einingum. Viðbótarnámið er hugsað fyrir nemendur sem vilja undirbúa sig sérstaklega fyrir háskólanám og þá sem þurfa að bæta við sig námsgreinum til að uppfylla sértæk inntökuskilyrði annarra háskóla. Nám í verslun og þjónustu er 40 f-eininga fagnám kennt á tveimur önnum. Nemendur geta bætt við sig allt að 62 f-einingum í Háskólagátt og uppfylla þá inntökuskilyrði í allar deildir háskólans.

Nemendur sem útskrifast með frumgreinapróf frá Háskólanum á Bifröst eiga þess kost að sækja um á undanþágu við alla háskóla landsins. Aðgangsviðmið eru breytileg eftir deildum og sviðum skólana og þarf að hafa þau viðmið í huga þegar sótt er um aðgang að deildum háskólanna. Margar deildir, sérstaklega deildir innan Háskóla Íslands veita engar undanþágufrá stúdentsprófi.

Nám í Háskólagátt tekur tvær til fjórar annir og er lánshæft til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Nemendum gefst kostur á viðbótarnámi á sumarönn en nám á sumarönn er ekki lánshæft hjá LÍN.

## Símenntun

Starfsemi símenntunar hefur dregist saman og var einungis Máttur kvenna á dagskrá árið 2018. Mikil aukning hefur orðið á aðsókn í námið en þetta var fjórtánda árið sem námskeiðið var haldið.

TTRAIN, starfsþjálfanám fyrir ferðaþjónustuna var sett á dagskrá en vegna ónægrar þátttöku var það fellt niður. Hugmyndafræði starfsþjálfánámsins er að nálgast verkefnið á skapandi hátt og nýta aðferðir fullorðinsfræðslu til að miðla þekkingu og um leið að efla starfsþálfann sem og annað starfsfólk á vinnustaðnum. Að námi loknu eru starfsþjálfar sérhæfðir starfsmenn í ferðaþjónustu sem geta tekið að sér þjálfun starfsmanna.



## Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst sinnir rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrir atvinnulíf og samfélag, auk þess að vera akademískum starfsmönnum skólans ráðgefandi við umsóknir um

rannsóknarstyrki og rannsóknarsamstarf. Rannsóknamiðstöðin sinnir einnig verkefnum fyrir innra starf skólans, t.d. fyrir framkvæmdastjórn og fyrir hollvinasamtök Bifrastar. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvar er Kári Joensen. Á vettvangi rannsóknamiðstöðvar tekur Háskólinn á Bifröst einnig þátt í starfi Félags íslenskra rannsóknastjóra ásamt fulltrúum hérlendra háskóla og rannsóknastofnana.

Háskólinn á Bifröst tók þátt í umsóknum um styrki frá Erasmus+ og uppskar þrjú ný samstarfsverkefni sem öll hófust síðasta haust. Verkefnið *Advancing migrant women* hlaut um €250.000 í styrk og er leitt af Háskólanum á Bifröst í samstarfi við aðila frá Englandi, Grikklandi, Ítalíu, Íslandi. Það miðar að því að efla konur á vinnumarkaði, og þá sér í lagi þær sem fluttst hafa frá heimalandi sínu og teljast til innflytjenda, með þeim áskorunum sem það getur falið í sér. Verkefnið *Interface*, sem einnig hlaut um €250.000 styrk er leitt af Byggðastofnun hefur það að markmiði að virkja frumkvöðlamátt og nýsköpun meðal fólks í dreifðari byggðalögum sem átt hafa undir högg að sækja vegna t.d. fólksfækkunar og fábreytni atvinnuvega. Unnið er að gerð námsskrár og kennsluefnis, sem svo verður notað við þjálfun samfélagsráðgjafa og byggir að hluta til á aðferðum markþjálfunar. Samstarfsaðilar koma auk Íslands, frá Grikklandi, Írlandi og Ítalíu. Þriðja verkefnið, *Design Thinking in Universities* hlaut rúmlega €400.000 í styrk og er samstarfsverkefni 8 Evrópskra háskóla, leitt af Háskóla Maria Curie-Skłodowska (UMCS) frá Lublin í Póllandi. Verkefnið miðar að þróun háskólakennslu, þar sem aðferðum hönnunar er beitt á nýstárlegan hátt við mótun þverfaglegra verkefna.

Í október 2017 var niðurstaða markhópagreiningar fyrir íslenska ferðaþjónustu kynnt en verkefnið hafði staðið yfir frá árinu 2016 í samstarfi Íslandsstofu, Háskólans á Akureyri og Háskólana á Bifröst. Yfir 200 manns sóttu opinn fund Íslandsstofu sem fram fór í Reykjavík og kynnti nýjar áherslur í markaðssetningu fyrir íslenska ferðaþjónustu. Markhópagreining af þessum toga hefur ekki verið unnin áður á Íslandi, en sjónum var beint að lykilmörkuðum íslenskrar ferðaþjónustu. Afurðir verkefnisins eru aðgengilegar á vefnum og gefa ferðaþjónustuaðilum færi á að sækja á erlenda markaði með hnitmiðaðri hætti með áherslum um aukna arðsemi og sjálfbærni atvinnugreinarinnar.

Vinna við gæðamála og innra mat fagsvið skólans hélt áfram á árinu. Rannsóknamiðstöð vann að söfnun og greiningu gagna um gæði náms og kennslu við skólann, og framkvæmdi jafnframt kannanir meðal útskrifaðra nemenda. Slíkar kannanir gefa innsýn í þróun og gang skólastarfsins og eru miklivægur liður í gæðastarfi skólans.

Samstarfsnet Háskólans á Bifröst heldur áfram að þróast og ný tengsl vegna rannsókna myndast við háskóla í Evrópu. Þátttaka í verkefnum á vegum Uppbyggingarsjóðs EFTA heldur áfram, en ný styrkætlun til ársins 2021 fer af stað um þessar mundir. Áfram hefur verið sótt um ný samstarfsverkefni á háskólastigi og á sviði starfsmenntunar frá Erasmus+, Horizon 2020 og fleiri samkeppnissjóðum.

## Rannsóknarsetur í menningarstjórnun

Við Rannsóknasetur í menningarstjórnun er unnið að rannsóknum af ýmsum toga á sviði menningarstjórnunar, menningarhagfræði, félagsfræði menningar og menningarfræða. Setrið var sett á fót árið 2007 af Háskólanum á Bifröst, Íslensku óperunni og Félagi íslenskra hljómlistarmanna, og tilgangur þess var að stuðla að margvíslegum rannsóknum á sviði menningarmála og á hlutverki menningar í samfélaginu. Umsjónarmenn setursins eru dr. Njörður Sigurjónsson dósent og dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir dósent og stunda þau bæði rannsóknir tengdar setrinu. Á árinu 2018 komu út í tengslum við rannsóknir setursins skýrsla um menningarstefnu á Íslandi, „*Responsibility for cultural policy in Iceland*“ í Kulturpolitisk styrning Ansvarsfordelning och reformer inom de nordiska ländernas kulturpolitik under 2000-talet, sem gefin er út af sænska rannsóknarstofnuninni Kulturanalys Norden.

Þá birtist kaflinn „*Silence in Cultural Management*“ í alþjóðlegri yfirlitsbók um rannsóknir í menningarstjórnun, *Arts and Cultural Management: Sense and Sensibilities in the State of the Field*, sem gefin er út af Routledge útgáfunni í New York, en ritstjóri er dr. Constance DeVereaux. Þá birtist í rannsóknatímaritinu Nordisk Kulturpolitisk Tidsskrift ritrýnd tímaritsgrein „*Experience Leadership: Lessons From John Dewey*“ sem fjallar um stjórnunar- og leiðtogahugmyndir í menningarstofnunum. Við Háskólann á Bifröst er boðið upp á nám til MA gráðu í menningarstjórnun og tengjast rannsóknir setursins oft með beinum hætti við nám nemenda.

### Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst

Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst var sett á fót 1. ágúst 2005 í samstarfi við heildarsamtök í íslensku atvinnulífi; Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Markmið setursins er að vera vettvangur fyrir kennslu, rannsóknir og alhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál með sérstaka áherslu á málefni sem snerta atvinnulífið. Forstöðumaður Evrópufræðaseturs er Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor við Háskólann á Bifröst en hann hefur gegnt stöðu forstöðumanns allt frá stofnun setursins árið 2005. Auk þess að sinna rannsóknum á íslensku og evrópsku stjórn málaumhverfi hefur forstöðumaður tekið virkan þátt í umræðu um málefni líðandi stundar í innlendum og erlendum fjölmiðlum.

Árið einkenndist af þátttöku í tveimur viðamiklum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum, annars vegar á sviði popúlisma og þjóðernishyggju í stjórn málum í Evrópu og hins vegar á sviði samsæriskenninga. Evrópufræðasetrið er þátttakandi í sitt hvoru Cost-verkefninu á vegum Evrópusambandsins um þessi efni auk margvíslegs annars rannsóknasamstarfs á fræðasviði setursins. Forstöðumaður sendi frá sér bókina *Conspiracy & Populism: The Politics of Misinformation* sem Palgrave Macmillan gefur út á árinu. Auk hennar sendi forstöðumaður frá sér ýmsar fræðigreinar og og hélt fjölda fræðileg erindi á árinu, þar á meðal lykilerindi á stórum alþjóðlegum ráðstefnum. Að öðru leyti fór árið að mestu í ritun nýrrar bókar sem kemur út hjá Palgrave Macmillan árið 2020. Forstöðumaður veitti á árinu vel á annað hundrað viðtala í innlendum og erlendum fjölmiðlum. Upplýsingar um fleiri útgáfur og aðra starfsemi má nálgast á [eirikurbergmann.com](http://eirikurbergmann.com).

### Þróunar- og alþjóðasvið

Starfsemi alþjóðaskrifstofu innan þróunar- og alþjóðasviðs hefur aukist töluvert frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Alþjóðlegi sumarskólinn var haldinn í þriðja sinn og bárust ríflega 100 umsóknir. 25 nemendur frá 12 löndum greiddu þátttökugjaldið og tóku þátt í vel heppnuðum sumarskóla sem ætlar að festa sig enn frekar í sessi. Sumarskólinn, sem haldinn var í júlí á Bifröst, fékk háa einkunn frá þátttakendum í ánægju- og kennslukönnun.



Alþjóðafulltrúi sótti ráðstefnu EAIE (European Association for International Education) í Genf í

september. Þessi ráðstefna er helsti vettvangur skólans til að byggja upp alþjóðleg tengsl, hitta fulltrúa annarra skóla og auglýsa alþjóðlega sumarskólann.

Alþjóðafulltrúi sótti einnig ráðstefnu Uniagents Summit 2018 í Helsinki til að byggja upp tengsl við milliliði sem fá það hlutverk að auglýsa alþjóðlegar námslínur skólans um allan heim.

Þróun alþjóðlega sumarskólans hélt áfram á haustmánuðum og var ákveðið að kenna sama prógram á árinu 2019 með örlitlum breytingum. Auglýst var eftir gestakennurum til að taka þátt í alþjóðlega sumarskólanum 2019 og voru auglýsingar sendar út til samstarfsskóla okkar í Evrópu í lok árs.

Erlendir skiptinemar á vorönn 2018 voru 27 talsins og 25 kom til náms á haustönn. Skiptinemar eru sem fyrr flestir frá evrópskum samstarfsskólum, en skiptinimum frá Kóreu, Singapore og Japan hefur einnig farið fjölgandi. 4 nemendur frá Háskólanum á Bifröst fóru sem skiptinemar við erlenda skóla, 1 á vorönn en 3 á haustönn. Skólinn er nú með samninga við 78 erlenda samstarfsskóla, þar af eru 59 Erasmus samningar. Í annað sinn á tveimur árum var gerður samningur við skóla í Bandaríkjunum sem felur í sér stúdentaskipti milli skólanna.

Erlendir greiðandi nemendur voru 9 á vorönn og 13 á haustönn. Á haustmánuðum bárust 98 umsóknir frá greiðandi skiptinimum frá Pakistan og Bangladesh fyrir vorönn 2019. 53 voru innritaðir og 49 höfðu greitt skólagjöld í lok árs.

Í lok árs hafði 41 umsókn borist í nýja meistaralínu á ensku, MA International Political Economy, en alþjóðaskrifstofa hefur tekið mikinn þátt í markaðssetningu námslínunnar í gegnum alþjóðlegt tengslanet skrifstofunnar.

3 kennarar og 4 starfsmenn við skólann fengu Erasmus styrki til að vera um tíma við erlendan samstarfsskóla á árinu 2018. 11 kennarar og 6 starfsmenn frá samstarfsskólum Háskólans heimsóttu Bifröst og fluttu bæði gestafyrirlestra og kynntu sér starfsemi skólans. Lara Becker hóf störf hjá alþjóðaskrifstofu í byrjun árs í 50% hlutfalli en fór í fæðingarorlof á seinni hluta ársins. Guðrún Olga Árnadóttir leysti hana af til ársloka.

Alþjóðafulltrúi er Karl Eiríksson.

## PRME – viðmið um sjálfbærni og ábyrgð stjórnenda í menntun

Sameinuðu þjóðirnar hafa frá árinu 2007 stutt áttak í samstarfi við fjölmargar menntastofnanir um að auka áherslu á að mennta ábyrga leiðtoga með tilliti til samfélagsábyrgðar og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Háskólinn á Bifröst gekk inn í samstarfið árið 2011 og var jafnframt fyrstur íslenskra háskóla til að taka þátt. PRME er heitið á samstarfinu en skammstöfunin stendur fyrir viðmið um ábyrga stjórnunarmenntun (e. Principles for responsible management education).

PRME samstarfið gengur út á að tvinna gildi og viðhorf sjálfbærrar þróunar inn í alla kennslu og starfsemi háskóla og auka þannig vitund og skilning skólasamfélagsins á sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð. Þátttakendur skila annað hvert ár stöðuskýrslu um málefni PRME en yfir 700 háskólar frá 6 heimsálfum er skráðir á vef PRME. Í nýlegri skýrslu Háskólans á Bifröst er framgangi þessa starfs innan skólan lýst fyrir árið 2017 auk áranna þar á undan. Í dag má víða finna samsvörun við gildi PRME innan ólíkra námskeiða við deildir skólans og einnig rannsóknum akademískra starfsmanna og samstarfsverkefnum við aðra skóla. Gildi PRME ríma á margan hátt vel við gildi Háskólans á Bifröst, og er því um áhugaverðan vettvang að ræða þar sem þróa má starf skólans áfram á þessari braut og byggja upp tengsl við breiðan hóp háskóla víðsvegar um heim sem leggja áherslu þessi sömu gildi.

## Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi skólans frá hausti 2018 var Jóhann Aðalsteinn Árnason og var hann í 100% stöðuhlutfalli.

### Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa

Kröfur sem gerðar eru til náms- og starfsráðgjafa eru að þeir geti tekist á við hvers konar vandamál sem nemendur koma með og unnið úr þeim á sem farsælastan máta. Því er mikilvægt að þeir hafi tilskylda menntun sem menntamálaráðuneytið fer fram á til að veita löggildingu, en það er liður í því að tryggja að nemendur fái faglega ráðgjöf. Náms- og starfsráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir eru málsvarar og trúnaðarmenn nemenda og skjólstæðinga þeirra og gefa ekki upp nöfn þeirra sem til þeirra leita. Náms- og starfsráðgjafar veita persónulega ráðgjöf vegna örðugleika er koma niður á árangri eða vellíðan í námi og geta nemendur sem reynist erfitt að standa sig í námi vegna áfalla eða erfiðleika í einkalífi rætt mál sín í trúnaði við þá. Náms- og starfsráðgjafar veita nemendum ráðgjöf og miðla upplýsingum um möguleika og framboð á námi og störfum og veita einstaklingum sem stefna á nám við skólann ráðgjöf varðandi námsval. Þeir leiðbeina nemendum við að tileinka sér öguð vinnubrögð og tímastjórnun og sjá einnig um að leiðbeina og halda utan um þá nemendur sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda og um þau úrræði sem í boði eru hjá skólanum. Auk þessa veita þeir starfsmönnum stuðningsviðtöl og handleiðslu.

### Aðstoð, námskeið og önnur verkefni

Aðstoð sem veitt er af náms- og starfsráðgjöfum fer fram í viðtölum, símaviðtölum, tölvupóstum og námskeiðum. Fjarnemar og staðnemar leita ráðgjafa en með mismunandi hætti. Staðnemar koma oftast í viðtalstíma en fjarnemar fá oftast ráðgjöf í gegnum síma, tölvupóst eða Skype. Náms- og starfsráðgjafi fór einnig tvisvar í mánuði til Reykjavíkur og bauð upp á viðtöl í húsnæði Háskólans á Bifröst. Viðtölin í Reykjavík voru eftirsótt og nánast alltaf fullbókað í þau.

Náms- og starfsráðgjafi heldur utan um sérúrræði fyrir nemendur vegna próftöku, eins og til dæmis lengri próftíma. Náms- og starfsráðgjafi heldur einnig utan um aðgerð gegn brottfalli. Hann hefur samband við kennara tveim vikum eftir að námskeið hefjast og þeir láta náms- og starfsráðgjafa vita af óvirkum nemendum. Náms- og starfsráðgjafi hefur svo samband við þessa nemendur með tölvupósti eða í síma og athugar stöðuna og hvort að það sé eitthvað hægt að aðstoða viðkomandi. Þetta hefur reynst vel og eru nemendur ánægðir með þetta. Tölulegum upplýsingum er einnig safnað í þessu ferli.

Náms- og starfsráðgjafi hóf einnig vinnu að tillögum að breytingum á munnlegum prófum og hvernig þeim er háttað, varðandi úrræði fyrir nemendur og tilhögun munnlegra prófa almennt.

Náms- og starfsráðgjafi stóð einnig fyrir kynningum og námskeiðum fyrir nemendur. Þar var meðal annars farið yfir prófundirbúning og prófkviða, markmiðasetningu, skipulagningu og námstækni. Náms- og starfsráðgjafi kenndi einnig eitt námskeið í langri lotu í Háskólagátt á vorönn 2019. Námskeiðið heitir Endurlit og markmiðasetning og snýr að skipulagningu í námi, námstækni, próftöku, sjálfsmynd, markmiðasetningu og gerð ferilskrár.

## Bóka- og skjalasafn

Þórný Hlynsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur veitir bókasafni skólans forstöðu og sinnir skjalastjórn.

### Starfsemin

Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta var veitt í bókasafni skólans, útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og upplýsingakennsla.

Afgreiðsla safnsins var opin virka daga frá kl. 9.00 - 16.00.

Háskólinn á Bifröst varðveitir 1224 lokaverkefni í Skemmunni, sem er rafrænt varðveislusafn fyrir lokaverkefni allra háskóla á Íslandi og bætist í hana jafnt og þétt.

Safnkynningar hafa verið haldnar í Háskólagátt og á nýnemadögum sem hafa gefist vel.

Bókasafnið var flutt úr Hamragörðum á vordögum 2018 í rými sem áður hýsti kennslusvið. Minna rými er fyrir prentaðar bækur en áður og eru bækur eldri en frá árinu 2000 því geymdar í rúmlega 200 tölusettum kössum í geymslu í Helvíti og unnið hefur verið að því að lagfæra upplýsingar um þau eintök í bókasafnskerfinu svo þau finnist ef óskað er. Eins hefur mikið verið grisjað úr safninu af eldri útgáfum kennslubóka og heildarfjölda titla því fækkað milli ára.



### Safnkostur

#### Prentað efni

Áfram var haldið að byggja upp safnkostinn.

Töluvert er enn til af óskráðu efni frá Samvinnuskólanum og er reynt að skrá það eftir því sem tækifæri gefast.

Í árslok 2018 var heildarfjöldi titla í bókasafnskerfinu Gegni 19.947

#### Rafrænt efni

Nokkuð hefur dregið úr kaupum á rafrænum gagnasöfnum til viðbótar þeim söfnum sem landsaðgangurinn Hvar.is býður upp á, enda eru þar keypt í samstarfi við önnur bókasöfn og mennta- og menningarmálaráðuneyti stærstu og bestu gagnasöfn sem í boði eru, svo sem EBSCOhost, Karger, Britannica, ProQuest, SAGE, ScienceDirect, Scopus, SpringerLink, Wiley Online og Web of Science. Öll eru þau leitabær í leitarvél bókasafna, Leitir.is.

Nú er keyptur aðgangur til viðbótar að eftirtöldum söfnum:

- FonsJuris
- Gagnasafni Morgunblaðsins
- DV
- Viðskiptablaðið
- Lögbirtingarblaðið
- Snara, veforðasafn



## Rafbækur

- Rafbókaveita frá ProQuest var tekin í notkun árið 2017, EbookCentral.
- Keyptar hafa verið 59 bækur og er unnið að skráningu þeirra og bættu aðgengi í Leitir.is
- Rafbækurnar eru aðgengilegar á IP-tölum skólans og er tengill í safnið af heimasíðu bókasafnsins, [www.bifrost.is/thjonusta/bokasafn](http://www.bifrost.is/thjonusta/bokasafn)

## Útlán

- Heildar útlán voru 581.
- Í millisafnalánum voru fengin 15 rit að láni og útvegaðar 16 greinar/bókakaflar, alls 31 gagn.
- Til annarra safna voru lánaðar 37 bækur og 2 greinar sendar, alls 39 afgreiðslur.

## Heimasíða bókasafnsins

Á heimasíðunni er reynt að miðla upplýsingum um þjónustu við nemendur og aðra rannsakendur. Upplýsingar um aðgengi að séráskriftum, mikilvægi VPN tengingar fyrir þá sem ekki eru á staðnum, leiðbeiningar um leit í gagnasöfnum, heimildaöflun og frágang heimilda. Heimasíðan er í stöðugri vinnslu, en þörf er á stöðugu eftirliti með að upplýsingar þar úreldist ekki og séu réttar.

## Samfélagsmiðlar

Á fésbókarsíðu bókasafnsins er miðlað upplýsingum um þjónustu, opnunartíma, heimildaleit, heimildaskráningu auk komu nýrra rita. Fésbókarsíða bókasafnsins er mikið heimsótt og virðist ánægja með hana. Slóðin er: [www.facebook.com/bokasafnHB](https://www.facebook.com/bokasafnHB)

Bókasafnið skráir nýjar fræðibækur á vefinn LibraryThing.com, þegar þær berast því þar er hægt að sjá forsíður bóka og tengill á heimasíðu safnsins birtir þannig nýkomin rit á myndrænan hátt.

## Samstarf við bókasöfn á Íslandi og erlendis

- Verkefnastjórn Skemmunnar (PH)
- Stjórnendur háskólabókasafna á Íslandi (PH)
- Samráðshópur háskólabókasafna um rafbókakaup (PH)
- Verkefnastjórn um opin vísindi (PH)
- Upplýsingalæsisshópur háskólanna (PH)

## Skjalastjórnun

Unnið hefur verið að því að ganga frá skjalasafni Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans þannig að hægt verði að afhenda það Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu. Sótt hefur verið um grisjunarheimild fyrir fylgiskjöl bókhalds frá tíma Samvinnuháskólans sem fundust í skjalageymslu skólans.

Sótt hefur verið um grisjunarheimild til Þjóðskjalasafns Íslands fyrir próf og prófaúrlausnir sem fékkst samþykkt með þeim skilyrðum að varðveita allt frá árum sem enda á 0.

Sótt hefur verið um grisjunarheimild til Þjóðskjalasafns Íslands fyrir fylgiskjöl bókhalds sem fékkst samþykkt með þeim skilyrðum að tekin væru sýni frá þremur mánuðum á árum sem enda á 0.

Gerð skjalavistunaráætlunar er lokið og hún er komin í samþykktarferli hjá Þjóðskjalasafni Íslands.

## Skjalakerfið OneCRM

Málalykill Háskólans á Bifröst sem er samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands árið 2016 til 5 ára, 1. maí 2016 – 31.12.2020, er mikilvægur hlekkur í starfsemi skólans þar sem haldið er utanum gögn og skjöl sem viðkoma starfseminni. Allt starfsfólk fær leiðsögn til að byrja skjalavistun og skráningu skjala í One kerfið, en sífellt er þörf á eftirfylgni til að starfsmenn þjálfist í skjalavistun í daglegum störfum og læri á samspil One og Microsoft skrifstofupakka.

Á árinu 2018 bættust 280 mál í kerfið. Frá upphafi (2013 – 2018) hafa 1.090 mál verið skráð í One kerfið. Í OneCRM eru varðveitt 18.007 skjöl og 19.331 tölvupóstar.

Umfang skjala í One kerfinu vex jafnt og þétt og brýnt er að loka málum sem búið er að afgreiða en það auðveldar notendum umgengni við kerfið að hafa ekki of mörg virk mál.

## Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningarstarf var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2018. Á markaðssviði unnu samskiptastjóri og margmiðlunarhönnuður árið 2018.

### Háskóladagurinn

Háskólinn á Bifröst tók þátt í Háskóladeginum þann 3. mars 2018 en það er árlegur viðburður allra háskóla landsins. Háskólarnir standa saman að undirbúningi og kynningum fyrir daginn en markmiðið með honum er að kynna námsframboð á háskólastigi. Háskólinn á



Bifröst var að þessu sinni með veglega aðstöðu í Háskóla Íslands en var einnig með bás í Háskólanum í Reykjavík. Nemendur skólans komu meira að skipulagningu dagsins en undanfarin ár og sáu alfarið um básinn sem settur var upp í Háskólanum í Reykjavík. Dagurinn heppnaðist vel og var mikil umferð af fólki um básana, sérstaklega í Háskóla Íslands. Að honum loknum héldu fulltrúar allra skólanna í sameiginlega hringferð um landið þar sem framhaldsskólar í öllum landshlutum voru heimsóttir. Í þær ferðir fóru nemendur einnig og var ferðin skipulögð af þeim í sameiningu við markaðsvið skólans.

### Opinn dagur 2. júní

Opinn dagur var haldinn á Bifröst þann 2. júní 2018. Dagurinn er skemmtilegur liður í skólastarfinu þar sem nemendur og kennarar háskólans taka á mótum gestum og kynna fyrir þeim námsframboð og háskólaborpið. Leikhópurinn Lotta kom og skemmti gestum og gangandi og þá var ís og vöflur í boði fyrir alla þá sem mættu. Næg afþreying var einnig fyrir börn en hoppukastali var á svæðinu og allir gátu fengið andlitsmálningu.

### Markaðsstarf

Yfir árið heimsóttu nokkrir framhaldsskólar skólann og var vel tekið á mótum hópum af nemendum á staðnum sem kynntu þeim staðinn og námsframboð. Markaðssvið hefur átt í góðu samstarfi við nemendur í öllum kynningum á skólanum og er framlag þeirra mikilvægt í kynningarstarfinu. Haldið var áfram í þeirri vegferð að fjölga heimsóknum í framhaldsskóla, þá sérstaklega úti á landi. Auglýsingar frá skólanum voru birtar í prentmiðlum,



vefmiðlum, útvarpi, bíóm og á Facebook. Markaðsherferðir skólans voru keyrðar á tímabilinu apríl-júní og nóvember-desember. Þær eru að mestu leyti á samfélagsmiðlum en einnig í sjónvarpi og útvarpi. Dregið hefur verið úr áherslu á auglýsingar í prentmiðlum en áfram var aukin áhersla lögð á auglýsingar í samfélagsmiðlum en ýmsar tilraunir voru gerðar í samstarfi við Sahara auglýsingastofu í þeim efnum. Hefur þetta skilað góðum árangri. Haldið var áfram vinnslu myndbanda jafnt og þétt yfir árið með viðtölum við útskrifaða Bifrestinga í atvinnulífinu sem og viðtölum við núverandi nemendur. Fjölmörg myndbönd litu dagsins ljós í þessari vinnu og eru þau aðgengileg bæði á heimasíðu og samfélagsmiðlum skólans. Á árinu 2018 komu út sjö fréttabréf og voru þau send út á stóran hóps fólks, bæði til útskrifaðra nemenda og áhrifafólks í samfélaginu. Þá var unnið að því markmiði að gera Háskólann á Bifröst sem sýnilegastan með fréttum á vef og Facebook og einnig með því að vekja athygli fjölmiðla á háskólanum. Með það að markmiði voru til dæmis skrifaðar greinar í SSF blaðið, Skessuhorn og fleiri blöð. Einnig tók skólinn þátt í viðburðum og verkefnum eins og Menntadegi atvinnulífsins, Gullegginu, Menntahláðborði Flensborgarskóla og fleiri.

## Tölvuþjónusta

### Hugbúnaður

Eins og fyrri ár, þá kemur hugbúnaður skólans að mestu frá Microsoft þ.e.a.s. Officepakinn og bókhaldskerfin, Adobe, Echo, Camtasia, Nepal ásamt minni byrgjum.

### Prentþjónusta

Sú þjónusta kemur frá Nýherja (núna Origo) og hefur reynst vel. Samningurinn við þá var endurnýjaður vegna breytinga á magni útprentunar (fækkun nemenda í staðnámi leiðir til minni útprentunar).

### Netumhverfi

Eins og fram kom í síðustu skýrslu, þá er þörf á að þétta og stækka þráðlausa netið innan skólabygginga, meðal annars vegna sölu fasteigna og breytinga á nýtingu skólahúsnæðisins.

Það verkefni gengur vel ásamt uppsetningu á skápum fyrir 1GB switchana víðs vegar um skólann. Stefnt er að því að það klárast á árinu 2019.

Búið er að setja upp (sýndar)netþjón sem hýsir launakerfi ( H3 ) skólans. Það kerfi er frá Advania.

Búið er að fá tilboð frá tveimur aðilum ( Origo og Endor ) vegna uppfærslna á aðalnetþjónum og afritunarþjónum og er verið að fara yfir þau og meta.

Í framhaldi og samhliða þeirri yfirferð, þá er farin af stað vinna við að meta hvort það hentar skólanum að færa ákveðna netþjóna yfir í skýið ( Microsoft Azure umhverfið ). Þar sem flest allir netþjónar skólans eru sýndarvélar, þá virðist sem það gæti verið næsta skref í framþróun netkerfis skólans.

Það gæti orðið til þess að ekki þyrfti að uppfæra fyrrnefnda netþjóna og diskastæður heldur væri hægt að nota gömlu aðalnetþjónana áfram og keyra eingöngu þá sýndarþjóna á staðnum sem ekki er hægt með góðu móti að keyra í skýinu, svo sem prentþjón og afritunarþjón.

Það getur tekið einn til tvo mánuði að meta þennan möguleika, en ef þessi aðferð reynist möguleg og hagkvæm, þá væri hægt að fara í þessar breytingar í sumar.

## Kennslu- og nemendaskrárkerfi

Háskólinn nýtir sem áður hugbúnaðinn Myschool-námsnet við utanumhald um kennslu- og nemendaskrá skólans. Helstu undirkerfi Myschool-námsnet eru umsóknarkerfi, nemendabókhald, kennslukerfi, ferilskráarkerfi og endurmenntunarkerfi. Kerfið sem tekið var í notkun kennsluárið 2011-12 hefur verið í stöðugri þróun og aðlögun að þörfum skólans. Allar kerfiseiningar eru áfram vistaðar og afritaðar á sýndarnetþjónum háskólans.

Við miðlun á margmiðlunarkennsluefni notar skólinn Echo360 hugbúnað og sl. ár eMission hugbúnað frá Nepal hugbúnaði ehf. en notkun eMission hefur verið hætt, þótt enn sé hægt að nálgast eldri fyrirlestra á netþjónum fyrirtækisins. Eins og eMision þá er Echo360 hugbúnaðurinn aðlagður að kennslukerfi og allir notendur sam innskráðir öðrum kerfum. (Unified login). Aðrar lausnir upptöku í notkun eru Camtasia Studio og Skype For Business.

Próftökukerfið Exam4 er nú notað í meirihluta lokaprófa. Kerfið gerir tölvudeild kleift að stýra notkun á tölvum nemenda í hluta- sem lokaprófum. Í prófum takmarkar hugbúnaðurinn aðgengi nemenda að eigin gögnum og interneti eftir forskrift kennara. Kerfið hefur nýst afburðavel við próftöku á öllum sviðum skólans. Með notkun er nemendum tryggt staðlað og öruggt umhverfi til próftöku.

Háskólinn á Bifröst, notar eins og aðrir háskólar landsins, Turnitin hugbúnað til að aðstoða nemendur í meðferð heimilda og við skrif lokaverkefna. Kerfið tekur við öllum lokaverkefnum og fjölda verkefna, ber saman við fyrri skil nemenda og gefur skýrslu um heimildarnotkun. Skólinn leiðir áfram samstarf háskólanna ásamt Landsbókasafni.

Kennslu- og nemendaskrárkerfi voru til endurskoðunar á árinu. Seinnihluta hausts var ákveðið að taka inn Ugluna sem er nemendaskrárkerfi frá Háskóla Íslands. Einnig var stofnaður starfshópur til að skoða nýtt kennslukerfi, hópurinn lagði til að Canvas yfir prófað. Fékk skólinn 6 mánaða aðgang að kerfinu til prufu.

Starfsmenn deildarinnar sóttu ýmis námskeið og ráðstefnur á árinu.

## Nemendafélag Háskólans á Bifröst

Stjórn nemendafélagsins á skólaárinu 2018-2019 skipa:

Formaður og gjaldkeri: Ásmundur Ásmundsson

Hagsmunafulltrúi: Leifur Finnbogason

Viðburða og markaðsstjóri: Viktor Örn Guðmundsson

Fulltrúi nýnema: Ingi Hilmar Sigurðsson

Fulltrúi fjarnema: Sólveig Ásta Bergvinsdóttir

Starfsár nýrrar stjórnar hófst í kjölfar kosninga sem fóru fram sama dag og hin árlega árshátíð Nemendafélagsins, á fjarnemahelgi (vinnuhelgi) grunnema á vorönn 2018. Að loknum löngum námsdegi komu nemendur saman á Kaffi Bifröst og skemmtu sér saman með góðum mat og góðum skemmtiatriðum áður en slegið var upp í dansleik um kvöldið.

Ný stjórn lagði upp með því að hafa marga og fjölbreytta smáviðburði yfir starfsárið. Nokkur PubQuiz-kvöld voru haldin, karóíkíkvöld og trúbador-viðburðir, leikjakvöld og vikuleg bíókvöld. Nýnemaballið og Halloween-ballið voru haldin við góðar undirtektir. Aðstaða Nemendafélagsins fluttist frá lðavöllum og yfir í Vikrafell, sem í daglegu tali nemenda nefnist „Gamla Búðin“. Aðstaðan var innréttuð yfir sumarið og kom að mjög góðum notum yfir starfsárið, enda stærra og meira rými en fyrri aðstaða.

Starfsárið einkenndist af breytingum. Vegna brottflutninga af svæðinu fækkaði smám saman í stjórn Nemendafélagsins yfir árið. Skemmtinefndir starfsársins, annars vegar á haustönn og hins vegar á vorönn, voru eingöngu mannaðar af skiptinimum. Skiptinemar settu því mikinn svip á starfsemi þetta starfsárið. Nemendafélagið tók þátt í starfsemi Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) ásamt öðrum íslenskum stúdentafélögum. Ný lög Nemendafélagsins voru samþykkt einróma í byrjun apríl og voru þar nokkrar breytingar gerðar á uppbyggingu Nemendafélagsins, m.a. var stöðum innan stjórnar fækkað úr 8 í 5 fyrir næsta starfsár. Starfsári núverandi stjórnar mun svo ljúka með árs hátíð þann 10. maí 2019.



## Hollvinasamtök Bifrastar

Allir þeir sem hafa útskrifast frá Samvinnuskólanum, Samvinnuháskólanum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Bifröst verða sjálfkrafa meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar nema að viðkomandi óski sérstaklega eftir því að verða það ekki. Aðrir sem geta orðið meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar eru núverandi og fyrrverandi starfsmenn skólans. Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru meðal annars að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra sem bera hag skólans fyrir



brjósti, að styðja við uppbyggingu og að efla skólastarfið á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn skólans og fulltrúaráð. Hollvinasamtökin eru með heimasíðu þar sem helstu upplýsingar eru að finna. Einnig halda samtökin úti Facebook-síðu þar sem sjá má fréttir frá Bifröst, fréttir af Bifrestingum og svo er hægt að senda inn fyrirspurnir og gefa góð ráð. Á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar 2014 var stofnaður Hollvinasjóður Bifrastar. Megintilgangur sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að efla og auka veg háskólans, m.a. með því að leggja skólanum til fjármagn til skilgreindra ákveðinna verkefna. Skilgreint fyrsta verkefni sjóðsins var viðhald á eldra húsnæði skólans, hátíðarsal og Kringlu. Það er fjáröflunin sem ræður hverju sinni hvað skuli framkvæma næst, allt í samráði við stjórn skólans og stjórnendur.

Árið 2019 hefur nú þegar verið skipt var um gler og gluggalista í matsal og hátíðarsal skólans

og gluggarnir málaðir. Þá hafa einnig verið gerðar endurbætur á glugga á suðurhlíð Skakka þannig að vatnsleki sem verið hefur undanfarin ár niður í Kringlu var stöðvaður. Listaverkið Lífsorkan eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara var svo sandblásið, málað og ný undirstaða steipt undir verkið.

Í stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar eru:

Aðalfulltrúar:

Óli H. Þórðarson formaður  
Þorvaldur T. Jónsson ritari  
Viðar Þorsteinsson gjaldkeri

Varafultrúar:

Hallur Jónasson  
Finnbjörn Börkur Ólafsson

Það er trú samtakanna að öflug Hollvinasamtök geti ekki bara orðið skólanum til góðs heldur öllum Bifrestingum, bæði þeim sem nú stunda nám við skólann og þeim sem hafa lokið námi. Samvinna og tengslanet er eitt af því dýrmætasta sem nemendur við skólann taka með sér út í atvinnulífið. Auk þessa þarf að halda tengslanetinu við og er það best gert með samvinnu í anda þess sem kennt hefur verið í skólanum um árabíl.

Í stjórn Hollvinasamtaka Bifrastar sátu eftirtaldir einstaklingar á árinu 2018:

Aðalfulltrúar:

Hallur Jónasson formaður  
Sigtryggur Arnþórsson varaformaður  
Bryndís Bessadóttir ritari  
Jóna Dóra Ásgeirsdóttir gjaldkeri  
Aðalsteinn Egill Traustason meðstjórnandi  
Ásmundur Ásmundsson, tilnefndur af nemandafélagi Háskólans á Bifröst  
Þórir Páll Guðjónsson, tilnefndur af rektor Háskólans á Bifröst

Varafultrúar:

Böðvar Sigurbjörnsson  
Arnar Snær Pétursson

## Fjármál og rekstur

Tekjur Háskólans á Bifröst á árinu 2018 námu 844,0 millj. kr. Samningsgreiðslur frá ríki námu 459,3 millj.kr. en aðrar tekjur námu 384,7 millj.kr. Samningsgreiðslur frá ríki eru að langstærstum hluta kennsluframlag byggt á nemendaígildum en einnig framlagi til rannsókna. Framlög frá ríki byggja á samningi milli skólans og ríkisins sem var gerður í upphafi árs 2012. Nýr samningur við ráðuneytið er í burðarliðnum. Aðrar tekjur eru að stærstum hluta skólagjöld eða 359,4 millj.kr. Helstu tekjur aðrar eru vegna rannsókna, af námskeiðahaldi, leigutekjur vegna húsnæðis og þjónustu við nemendagarða. Rekstrargjöld skólans á árinu 2018 námu 788,2 millj.kr. að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum. Laun og launatengdur kostnaður nam 581,3 millj.kr. eða um 69,2% af rekstrargjöldum í heild. Húsnæðiskostnaður nam 50,2 millj.kr., rekstur tölvukerfa 26,7 millj.kr., skrifstofu- og kennslukostnaður 35,8 millj.kr., kynningarmál 39,2 millj.kr., og niðurfærsla krafna 9,0 millj.kr. Annar kostnaður var 46,0 millj.kr. Afskriftir voru 23,3 millj.kr. og fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur voru 29,2 millj.kr. Hagnaður ársins nam 3,4 millj.kr.

Í fjárhagsáætlun ársins 2019 kemur fram að áætlaðar tekjur verði 905,4 millj. kr. og heildagjöld verði 892,6 millj. kr. Hagnaður ársins er áætlaður 12,8 millj. kr.

Ársverk við skólann voru 39,2 og stöðugildi á árslok voru 39,4.

## Ársreikningur 2018

### Ársreikningur 2018

Allar tölur í milljónum króna

<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>
Rekstrartekjur .....	844,0	820,6	796,2	831,7
Rekstrargjöld .....	788,2	725,7	779,8	824,1
<b>Rekstrarafgangur (-tap) .....</b>	<b>55,8</b>	<b>94,9</b>	<b>16,4</b>	<b>7,6</b>
Afskriftir .....	23,3	23,1	21,0	20,2
Fjármagnsliðir .....	29,1	37,7	44,9	42,3
<b>Hagnaður (-tap) ársins .....</b>	<b>3,4</b>	<b>34,0</b>	<b>( 49,5)</b>	<b>( 54,9)</b>
<b>Eignir</b>				
Fastafjármunir .....	296,3	299,8	386,3	398,7
Veltufjármunir .....	54,8	182,6	99,3	107,2
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>351,1</b>	<b>482,4</b>	<b>485,6</b>	<b>505,9</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
Eigið fé .....	( 167,1)	( 170,4)	( 204,0)	( 154,9)
Langtímaskuldir .....	276,8	369,7	377,9	385,7
Skammtímaskuldir .....	241,4	283,1	312,1	275,2
<b>Eigið fé og skuldir samtals .....</b>	<b>351,1</b>	<b>482,4</b>	<b>485,6</b>	<b>505,9</b>

## Tölulegar upplýsingar 2018

Úrvinnsla tölfraeði skólans er í umsjón kennsluviðs, fjöldataölur sem birtar eru hér eru samtölur fyrir almanaksárið 2018, sjá má skiptingu eftir önnum á vef skólans.


### Heildarfjöldi nemenda 2018, aldur, kyn, deildir

Flestir nemendur í háskólanámi eru sem fyrr í viðskiptadeild. Konur eru í meirihluta nemenda í skólanum, 68% nemenda. Meðalaldur nemenda við skólann hækkar lítillega og er nú 35 ár í háskólanámi, með skiptinimum og sumarskólanemendum meðtöldum.

### Fjöldi nemenda eftir deildum 2018

						aldur	Útskrifaðir			Nýnemar		
	kk	kvk	%kk	%kvk	kk		kvk	kk	kvk			
Viðskiptadeild	396	123	273	31%	69%	36	81	28	53	214	60	154
Félagsvísindi	136	41	95	30%	70%	38	24	6	18	69	12	57
Lögfræði	106	43	63	41%	59%	38	29	9	20	51	20	31
Opið nám	21	4	17	19%	81%	28	Á ekki við			23	6	17
Skiptinám	72	35	37	49%	51%	24	Á ekki við			73	36	37
Sumarskóli	25	7	18	28%	72%	24	25	8	17	29	9	20
<b>Samtals í háskólanámi</b>	<b>756</b>	<b>253</b>	<b>503</b>	<b>33%</b>	<b>67%</b>		<b>159</b>	<b>51</b>	<b>108</b>	<b>459</b>	<b>143</b>	<b>316</b>
Háskólagátt	103	35	68	34%	66%	31	31	13	18	53	17	36
Símenntun	32	0	32	0%	100%	46	57	0	31	32	0	32
<b>Grunnnám</b>	<b>891</b>	<b>288</b>	<b>603</b>	<b>32%</b>	<b>68%</b>		<b>247</b>	<b>64</b>	<b>157</b>	<b>544</b>	<b>160</b>	<b>384</b>



### Nemendur eftir deildum 2018






## Skipting milli stað- og fjarnema 2018

Háskóli - staðnám	50
Skiptinemar - staðnám	72
Sumarskóli - staðnám	25
Háskólagátt - staðnám	18
Háskóli - fjarnám	609
Háskólagátt - fjarnám	85
Símenntun - fjarnám	31




\*Á háskólastigi er meistaránám eingöngu kennt í fjarnámi. Í grunnnámi er 75% nemenda í fjarnámi.

## Nemendur eftir námsstigum 2018



## Kynjaskipting allra nemenda 2018



## Nemendur í Háskólagátt 2018

		kk	kvk	%kk	%kvk	meðalaldur
Fjarnám	85	29	56	35%	65%	32
Staðnám	18	6	12	33%	67%	27
<b>Totalt</b>	<b>103</b>	<b>35</b>	<b>68</b>	<b>34%</b>	<b>66%</b>	<b>31</b>


## Nemendur eftir fagsviðum 2018 – grunnnám og meistaranám

Fagsvið	kk	kvk	%kk	%kvk	Útskrifaðir			Nýnemar			
					kk	kvk		kk	kvk		
<b>Viðskiptadeild</b>											
Grunnnám	177	72	105	41%	59%	31	12	19	94	39	55
Meistaránám	219	51	168	23%	77%	50	16	34	120	21	99
<b>Samtals</b>	<b>396</b>	<b>123</b>	<b>273</b>	<b>31%</b>	<b>69%</b>	<b>81</b>	<b>28</b>	<b>53</b>	<b>214</b>	<b>60</b>	<b>154</b>
<b>Lögfræði</b>											
Grunnnám	69	28	41	41%	59%	22	8	14	35	16	19
Meistaránám	37	15	22	41%	59%	7	1	6	16	4	12
<b>Samtals</b>	<b>106</b>	<b>43</b>	<b>63</b>	<b>41%</b>	<b>59%</b>	<b>29</b>	<b>9</b>	<b>20</b>	<b>51</b>	<b>20</b>	<b>31</b>
<b>Félagsvísindi</b>											
Grunnnám	103	35	68	34%	66%	17	6	11	52	9	43
Meistaránám	33	6	27	18%	82%	7	0	7	17	3	14
<b>Samtals</b>	<b>136</b>	<b>41</b>	<b>95</b>	<b>30%</b>	<b>70%</b>	<b>24</b>	<b>6</b>	<b>18</b>	<b>69</b>	<b>12</b>	<b>57</b>
<b>Háskólagátt</b>											
Grunnnám	103	35	68	34%	66%	31	13	18	53	17	36
Símenntun	32	0	32	0%	100%	31	0	31	32	0	32
Sumarskóli	25	7	18	28%	72%	25	8	17	29	9	20
Skiptinemar	72	35	37	19%	81%	Á ekki við			73	36	37
Opið nám	21	4	17	19%	81%	Á ekki við			23	6	17
<b>Samtals</b>	<b>891</b>	<b>288</b>	<b>603</b>	<b>32%</b>	<b>68%</b>	<b>221</b>	<b>64</b>	<b>157</b>	<b>544</b>	<b>160</b>	<b>384</b>


## Nemendur í símenntun árið 2018

Símenntun	kk	kvk	%kk	%kvk
Máttur kvenna	32	0	0%	100%
<b>Samtals</b>	<b>32</b>	<b>0</b>	<b>5%</b>	<b>95%</b>

## Útskrifaðir nemendur með háskólagráðu 2018



## Útskrifaðir nemendur úr Háskólagátt og Símenntun 2018



## Nemendur eftir námsstigum í upphafi skólaárs 2018 (september)

		<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>%kk</b>	<b>%kvk</b>
Nemendur í Háskólagátt	54	19	35	35%	65%
Nemendur í Símenntun	19	0	19	0%	100%
Nemendur á háskólastigi	582	197	385	34%	66%
Nemendur alls í námi	655	216	439	33%	67%

## Starfsfólk

Í árslok 2018 voru 42 starfsmenn við störf við Háskólann á Bifröst. Í árslok 2017 voru þeir 37. Á árinu 2018 störfuðu 71 stundakennari við skólann, þar af voru konur 36 eða 50,1 %.

	kk	kvk	% kk	% kvk	
Háskólaskrifstofa	18	5	13	28%	72%
Viðhald, ræsting og öryggisvarsla	3	1	2	33%	67%
Fastráðnir akademískir starfsmenn	17	14	3	82%	18%
Önnur menntastarfsemi	1	0	1	0%	100%
Þróunar- og alþjóðasvið	3	2	1	67%	33%
<b>Samtals</b>	<b>42</b>	<b>22</b>	<b>20</b>	<b>52%</b>	<b>48%</b>

## Hlutfall kynja í stjórn skólans, fulltrúaráði og háskólaráði 2018 (aðalfulltr.)

	kk	kvk	% kk	% kvk	
Stjórn skólans 2018 (frá aðalfundi í maí)	5	3	2	60%	40%
Fulltrúaráð 2018 (frá aðalfundi í maí)	15	7	8	47%	53%
Háskólaráð 2017 – 2018	11	6	5	55%	45%
Háskólaráð 2018 – 2019	11	6	5	55%	45%



## Háskólinn á Bifröst

311 Borgarnes

Sími: +345 433 3000

Fax: +354 433 3001

bifrost@bifrost.is

www.bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY